

Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 19. september 2023

Efni: Umsögn við „Auðlindin okkar – sjálfbær sjávarútvegur“

Vísað er til ofangreindra draga sem birt voru í samráðsgátt stjórnvalda þann 29. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögnum, athugasemdum og ábendingum um lokaniðurstöður fjögurra starfshópa sem unnu tillögur í sjávarútvegsstefnu.

Nasdaq Iceland („Kauphöllin“) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri athugasemdum við lokaniðurstöður Auðlindarinnar okkar. Kauphöllin mun fyrst og fremst fjalla um þær tillögur starfshópanna sem fjalla beint eða óbeint um gagnsæi og skráningu á markað.

Þá vill Kauphöllin einnig nota tækifærið og vekja athygli á tengdu málefni, sem var þó ekki hluti af Auðlindinni okkar, sem snýr að útfærslu takmarkana á fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi. Samandregið telur Kauphöllin rétt að koma eftirfarandi á framfæri:

- Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja
 - Auknar fjárfestingar almennings í sjávarútvegsfyrirtækjunum Brim og Síldarvinnslunni virðist þegar hafa haft jákvæð áhrif á umtal og þekkingu á sjávarútveginum.
 - Skráningu á markað fylgja umtalsverðar kröfur um gagnsæi og talsvert aðhald frá beinum og óbeinum hagaðilum. Aukið gagnsæi er það atriði sem flestir þátttakendur í spurningakönnun Félagsvísindastofnunar nefndu sem leið til að auka sátt um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi.
 - Að sama skapi eru gerðar kröfur um dreifingu eignarhalds við skráningu á markað, þar á meðal um fjölda hluthafa. Aukinn fjöldi hluthafa er líklegri til að ná því markmiði að mynda sátt um atvinnugreinina en kröfur um að enginn einn hluthafi megi eiga umfram ákveðið viðmið einar og sér.
 - Ef markmiðið með reglum um hámarksaflahlutdeild er að koma í veg fyrir að aflahlutdeildin safnist á hendur of fárra aðila telur Kauphöllin málefnalegt að fyrirtæki njóti góðs af dreifðu eignarhaldi með því að fá hærri hámarksaflahlutdeild.
- Fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi
 - Núverandi reglur um hömlur á erlendu eignarhaldi í sjávarútvegi eru óþarflega flóknar og koma m.a. í veg fyrir að hlutlausir erlendir fjárfestar (e. passive investors), eins og vísitölusjóðir eða almennir fjárfestar, geti fjárfest í skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum. Það eru einmitt þeir erlendu fjárfestar sem eru hvað síst líklegir til þess að vilja sækjast eftir yfirráðum yfir fyrirtækjum, auðlindum eða atvinnugreinum.
 - Aðrir erlendir fjárfestar geta, aftur á móti, eignast umtalsverðan hlut í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í gegnum krókaleiðir sem löggin bjóða upp á.
 - Erfitt er að hafa eftirlit með núverandi reglum og aðilar hafa ólíkan skilning á þeim.
 - Kauphöllin telur óþarfi að finna upp hjólið í þessum efnum og leggur því til að skoðað verði hvort það fyrirkomulag á takmörkunum á erlendu eignarhaldi sem þegar er í gildi varðandi flugrekstur verði aðlagð og stílfært yfir á sjávarútveginn.

- Hægt er að byggja á erlendum fordæmum og leiðbeiningum Evrópusambandsins um það hvernig beri að túlka slíkar kröfur og haga eftirliti með því að þær séu uppfylltar.
- Leikreglurnar gætu því verið nokkuð skýrar frá fyrsta degi og nokkuð öruggt að ekki væru alvarlegar glufur í þeim.

Að neðan er gerð ítarlegri grein fyrir þessum sjónarmiðum.

Bráðabirgðatillaga 49: Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja

Þegar þessi umsögn er skrifuð eru tvö íslensk sjávarútvegsfyrirtæki skráð í Kauphöllina, Brim hf. og Síldarvinnslan hf. Brim á einna lengsta sögu íslenskra fyrirtækja á almenningshlutabréfamarkaði, en félagið var fyrst skráð á markað 15. desember 1992. Síldarvinnslan hélt almennt hlutafjárútboð árið 2021, sem felur í sér að almenningi bauðst að kaupa hlut í félaginu, og var í kjölfar þess skráð á markað. Góð þátttaka var í útboðinu og að því loknu var fjöldi hluthafa í Síldarvinnslunni um 7.000. Eins og algengt er fækkaði hluthöfum eitthvað strax í kjölfar útboðs en samkvæmt upplýsingum úr ársreikningi félagsins fyrir árið 2022 voru þeir 4.173 í lok þess árs og hafði þeim þá fjölgað frá fyrra ári.

Hluthöfum Brims hefur einnig fjölgað, en skv. ársreikningi félagsins voru þeir 1.856 í lok árs 2022. Til samanburðar voru þeir 880 í lok árs 2020. Áhugi almennra fjárfesta á fyrirtækjum í sjávarútvegi virðist því fara vaxandi. Fyrirhuguð skráning Ísfélags hf., sem tilkynnt var m.a. um í ársskýrslu félagsins fyrir árið 2022, er einnig til marks um þann áhuga.

Þessi þróun virðist hafa haft jákvæð áhrif á umtal og þekkingu á sjávarútveginum í heild sinni. Þetta hafa starfsmenn Kauphallarinnar heyrt frá ýmsum aðilum úr sjávarútveginum, hvort sem þeir starfa fyrir skráð eða óskráð fyrirtæki. Fleiri aðilar hafa hagsmuna að gæta í sjávarútveginum, fyrirtækin verða sýnilegri og gagnsæi er meira.

Í Auðlindinni okkar er lagt til að bráðabirgðatillaga 49, um aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, verði að hluta til samþykkt og hluti af lokatillögum. Í því felist m.a. að samhliða endurskoðun á 13. gr. laga um stjórn fiskveiða verði lagt mat á hvort ástæða sé til að hækka hámarksaflahlutdeild í tilviki fyrirtækja sem eru skráð á markað og/ eða uppfylla skilyrði um dreift eignarhald samkvæmt nánari útfærslu í lögum.

Kauphöllin telur marga kosti við að hvetja sjávarútvegsfyrirtæki til skráningar á markað, svo sem með því að veita þeim hærri hámarksaflahlutdeild. Einn tilgangur reglna um hámarksaflahlutdeild er væntanlega að koma í veg fyrir að kvótinn safnist á hendur of fárra aðila. Skráning á markað felur í sér ákveðnar kröfur um dreifingu eignarhalds, sem hefur þau áhrif að aflahlutdeildin dreifist í reynd á fleiri aðila (endanlega eigendur), þó svo þær séu formlega hjá einum lögaðila (skráða fyrirtækinu).

Með skráningu undirgangast fyrirtæki að sama skapi umtalsverðar gagnsæiskröfur. Þegar um er að ræða skipulegan verðbréfamarkað (Aðalmarkað) þurfa þau í upphafi að birta svokallaða lýsingu, sem inniheldur afar miklar upplýsingar um rekstur, fjárhag, eignarhald o.m.fl. Eftir skráningu þurfa þau m.a. að birta opinberlega ársreikning og hálfársreikning, innherjaupplýsingar um leið og þær myndast, upplýsingar um viðskipti við tengda aðila, upplýsingar um fjármögnun, upplýsingar um viðskipti stjórnenda og aðila sem eru fjárhagslega tengdir þeim, upplýsingar um breytingu á atkvæðisrétti (flagganir) og fleira. Ef um er að ræða skráningu á Nasdaq First North markaðinn, sem er svokallað markaðstorg fjármálagerninga, eru kröfurnar sambærilegar að flestu leyti, en ívið minni.

Tilgangurinn með upplýsingagjöfinni er að tryggja jafnræði fjárfesta um aðgang að mikilvægum upplýsingum. Í þessu felst mikil fjárfestavernd, sem er lykil forsenda fyrir því að almennir fjárfestar geti tekið upplýsta ákvörðun um hlutabréfakaup. Það er mikilvægt að hafa þetta í huga, sérstaklega ef taka

á ákvörðun um það hvort umræddar breytingar skuli eiga við um skráð fyrirtæki og/eða fyrirtæki í dreifðu eignarhaldi, eins og nánar verður vikið að hér að neðan.

Þessu mikla gagnsæi fylgir bæði beint og óbeint aðhald. Beint aðhald kemur frá fjárfestum, hluthöfum og greiningaraðilum, sem spyrja gagnrýnina spurninga og gera kröfur um að fyrirtækin séu rekin með ábyrgum hætti, í sátt við umhverfið og samfélagið. Að sama skapi hafa bæði Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands og eftirlitssvið Kauphallarinnar eftirlit með upplýsingagjöf fyrirtækjanna. Óbeint aðhald kemur frá fjölmiðlum, almenningi, stjórnvöldum og öðrum sem hafa óbeinna hagsmuna að gæta og fá meiri upplýsingar og betri forsendur til að mynda sér skoðun á málefnum fyrirtækjanna eða sjávarútvegsins í heild sinni.

Um er að ræða þaulreynda leið til að auka gagnsæi bæði um rekstur og eignarhald fyrirtækja, sem byggir á evrópsku regluverki. Þar sem 67,6% svarenda í spurningakönnun Félagsvísindastofnunar töldu það að auka gagnsæi í eignarhaldi á kvóta vera leið sem gæti hjálpað til við að mynda sátt um íslenskt fiskveiðistjórnunarkerfi og 16,2% töldu skráningu á markað vera vænlega leið til þess telur Kauphöllin vel þess virði að íhuga þennan kost vel og vandlega.

Skráð fyrirtæki og/eða fyrirtæki í dreifðu eignarhaldi

Í tillögnum eru nefndar tvær mögulegar útfærslur á skilyrðum fyrir því að sjávarútvegsfyrirtæki gætu notið hærri hámarksafhlutdeildar: Að fyrirtækin væru skráð á markað og/eða væru í dreifðu eignarhaldi. Tilgangurinn með tillögnum er að auka gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Sú hugmynd að veita fyrirtækjum í dreifðu eignarhaldi hærri hámarksafhlutdeild er að mati Kauphallarinnar góðra gjalda verð. Aftur á móti má nefna að kröfur um dreift eignarhald eru einar og sér ekki til þess fallnar að auka gagnsæi. Að hvetja til dreifingar eignarhalds án þess að gerðar séu kröfur um gagnsæi og jafnræði meðal hluthafa og fjárfesta um aðgang að upplýsingum getur að sama skapi verið varasamt og ekki til þess fallið að auka samstöðu og skapa traust um sjávarútveginn.

Eins og áður segir eru gerðar ákveðnar kröfur um dreifingu eignarhalds við skráningu í Kauphöllina. Í stuttu máli eru þær kröfur tvíþættar, í fyrsta lagi þurfi 25% af hlutafé/atkvæðisrétti fyrirtækisins að vera í almennu eignarhaldi (e. in public hands). Til að hlutur teljist í almennu eignarhaldi má eigandi hvorki vera tengdur fyrirtækinu né ráða yfir meira en 10% af hlutum eða atkvæðisrétti í fyrirtækinu.

Í öðru lagi eru gerðar kröfur um að fjöldi hluthafa þurfi að lágmarki að vera á bilinu 300 – 500 manns, þar sem hver og einn á hluti sem eru að lágmarki 500 evra virði. Þetta skiptir að sama skapi máli, ef markmiðið er að mynda sátt um atvinnugreinina.

Kauphöllin telur því mikilvægt að ekki verði litið fram hjá þeim ábata sem fylgir því að sjávarútvegsfyrirtæki verði skráð á markað, við mat á því hvernig útfæra eigi hvata til að auka gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og mynda sátt um atvinnugreinina. Gagnsæi fæst ekki með kröfum um dreifingu, án þess að einnig sé gerð krafa um skráningu á markað. Að sama skapi myndi afmarkaður hópur njóta góðs af slíkri dreifingu, þar sem almenningi gæfist ekki kostur á að taka þátt ef fyrirtækin væru óskráð.

Ef gera á kröfur um dreifingu, til viðbótar við skilyrði um skráningu á markað, mælir Kauphöllin með því að þær verði ekki það þröngar að þær komi í veg fyrir að fyrirtækin geti verið með leiðandi hluthafa. Fyrirtæki geta notið góðs af því að vera með sterkan leiðandi hluthafa sem getur hjálpað til við að móta stefnu félagsins, stutt við það á erfiðum tímum og laða að fleiri hluthafa. Þau viðmið sem voru í gildi skv. eldri reglum um hámarksafhlutdeild fólu í sér að dreift eignarhald var skilgreint þannig að enginn aðili, einstaklingur eða lögaðili eða tengdir aðilar ætti meira en 20% af hlutafé, stofnfé eða

atkvæðisrétt í viðkomandi lögaðila. Kauphöllin telur æskilegt að viðmiðið yrði hærra en það, ef útfæra á skilyrðið eins og gert var í gömlu lögum.

Vænlegri leið væri að útfæra kröfurnar með svipuðum hætti og gert er í reglum Kauphallarinnar, gera minna hamlandi kröfur um dreifingu en að auki fara fram á ákveðinn fjölda hluthafa.

Viðbótartillaga um mögulegar breytingar á reglum um erlent eignarhald í sjávarútvegi

Meginreglan, skv. 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991, er að einungis íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar eða íslenskir lögaðilar sem eru að öllu leyti í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila, sem uppfylla sérstök skilyrði, mega stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi (hér eftir „**sjávarútvegsfyrirtækjum**“, til einföldunar).

Þessi sérstöku skilyrði sem gilda um íslenska lögaðila kveða svo á um að þeir þurfi annað hvort að vera undir yfirráðum íslenskra aðila eða vera ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25%. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

M.ö.o. er einungis íslenskum aðilum heimilt að eiga hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, en erlendir aðilar geta átt óbeint allt að 25-33% hlut í gegnum íslenska lögaðila sem þeir eiga minnihluta í. Þetta fyrirkomulag á sér langa sögu og var líklega ekki hannað með skráð sjávarútvegsfyrirtæki í huga.

Núverandi fyrirkomulag gerir erlendum fjárfestum afar erfitt fyrir að fjárfesta í skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum, þar sem viðskipti fara almennt fram á miðlægum vettvangi og talsverð dreifing er á eignarhaldi. Að heimila einungis óbeinar fjárfestingar erlendra aðila, í gegnum íslensk félög sem þeir eiga minnihluta í, skapar því ákveðið flækjustig.

Þetta hefur komið sérstaklega til umræðu í tenglum við flokkun íslenska hlutabréfamarkaðarins hjá vísitölufyrirtækinu FTSE Russell, þar sem hlutabréf Síldarvinnslunnar og Brims hafa bæði verið tekin með í vísitölur þeirra en svo fjarlægð sökum þess að ómögulegt væri fyrir svokallaða vísitölufjárfesta, sem er óheimilt að fjárfesta í gegnum þær krókaleiðir sem núverandi lög krefjast, að eignast hluti í félögum.

Gott er að hafa í huga að vaxandi eignarhald erlendra aðila er ekki alltaf til marks um að þeir séu að kaupa upp íslensk fyrirtæki og seilast eftir áhrifum. Þegar íslensk fyrirtæki, sem eru leiðandi á sínu sviði, sjá tækifæri til að vaxa út fyrir landsteinana geta þau m.a. gert það í gegnum yfirtökur og samruna, eins og dæmin sanna. Ein leið til að fjármagna slíka samninga er að eigendur hins keypta eignast hlut í sameinuðu fyrirtæki. Erlent eignarhald getur því, þvert á móti, endurspeglad vöxt íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu.

Sú leið er sérstaklega hagfelld þegar um skráð fyrirtæki er að ræða, þar sem seljendur fyrirtækja líta það öðrum augum að eignast hlut í skráðu fyrirtæki – sem er auðvelt að koma í verð vilji þeir selja síðar meir – en að eignast illseljanlegan hlut í óskráðu fyrirtæki. Öðru máli gegnir um skráð sjávarútvegsfyrirtæki, en núverandi fyrirkomulag reglana um erlent eignarhald gerir það að verkum að það er útilokað fyrir þau að nýta þennan kost þess að vera skráð á markað til að vaxa með yfirtöku á, eða samruna við, erlend fyrirtæki og nota hlutabréf sín sem gjaldmiðil í viðskiptunum.

Þá má nefna að dæmi eru um að erlendir aðilar hafi eignast hluti í íslensku sjávarútvegsfyrirtækjunum og allur gangur virðist vera á því hvernig aðilar túlka reglurnar. Þá veita lögin ekki góða leiðsögn um það hvernig fyrirtækin og eftirlitsaðilar skulu bera sig að ef upp kemur sú staða að erlendir aðilar

fjárfesti í fyrirtækjunum. Núverandi reglur hafa því skapað ákveðin vandamál sem erfitt gæti verið að vinda ofan af án þess að breyta þeim.

Núverandi fyrirkomulag er flókið í framkvæmd, hamlar möguleikum skráðra sjávarútvegsfyrirtækja á því að vaxa út fyrir landsteinana og er til þess fallið að draga úr gagnsæi í eignarhaldi, þar sem erlendir aðilar geta einungis átt hluti óbeint í gegnum íslenska lögaðila. Þá útilokar það með afgerandi hætti fjárfestingar vísitölusjóða og smærri fjárfesta, sem þó eru hvort tveggja fjárfestar sem alla jafna seilast ekki eftir áhrifum í fyrirtækjum. Því telur Kauphöllin að ástæða kunni að vera til að endurskoða umrædda löggjöf, sérstaklega með skráð sjávarútvegsfyrirtæki í huga.

Tillaga að útbótum

Kauphöllin telur rétt að taka fram að hvorki hún, né erlendir fjárfestar og sérfræðingar sem hún hefur átt í samtölum við, gera athugasemd við að hömlur séu á fjárfestingum erlendra aðila í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Núverandi fyrirkomulag takmarkana á slíku eignarhaldi geti aftur á móti valdið óþarfa flækjum bæði í framkvæmd og við eftirlit.

Við mat á mögulegum leiðum til að haga regluverki og hafa eftirlit með erlendu eignarhaldi í skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum telur Kauphöllin eðlilegt að litið verði til þess hvernig slíkum málum er háttað í öðrum atvinnugreinum þar sem hömlur eru á erlendu eignarhaldi. Að mati Kauphallarinnar liggur þar beinast við að skoða flugrekstur, þar sem hömlur á erlendu eignarhaldi í flugrekstri byggja á Evrópuregluverki sem er vel ígrundað og þaulreynt.

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 85. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 er útgáfa flugrekstrarleyfis m.a. skilyrt því að íslenska ríkið og/eða íslenskir ríkisborgarar eigi 51% eða meira af fyrirtæki sem hyggst stunda flugrekstur og fari með stjórn þess í raun, hvort sem er beint eða óbeint, fyrir tilstilli eins eða fleiri aðila. Skilyrðin eru í reynd tvíþætt og þurfa bæði að vera uppfyllt öllum stundum, þ.e. annars vegar varðandi eignarhald og hins vegar stjórn.

Ákvæðið byggir að mestu á 4. gr. reglugerðar (EB) 1008/2008. Evrópusambandið hefur m.a. gefið út leiðbeiningar um það hvernig beri að túlka umrætt ákvæði og haga eftirliti með því að kröfur þess séu uppfylltar¹.

Hægt væri að heimfæra e. lið 1. mgr. 85. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022 yfir á skilyrði fyrir því að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi, en aðlaga hlutfallið að því stigi sem Alþingi þykir viðeigandi fyrir erlent eignarhald í sjávarútvegi, t.d. 25-33% ef ætlunin væri að halda því óbreyttu frá því sem gildir í dag.

Þar með væri regluverkið einfaldað og fallið frá kröfum um að erlent eignarhald þurfi að vera í gegnum ógagnsæja milliliði. Eftirlit með slíku regluverki gæti verið með svipuðum hætti og í flugrekstri, byggt á fordæmum og leiðbeiningum sem þegar eru til staðar í þeirri atvinnugrein.

Í stuttu máli byggir regluverkið á því að það yfirvald sem hefur eftirlit með útgáfu flugrekstrarleyfa, sem er Samgöngustofa í tilfalli Íslands, hefur einnig eftirlit með takmörkunum á erlendu eignarhaldi. Sönnunarbyrðin hvílir, aftur á móti, á fyrirtækjum sem hafa, eða hyggjast sækja um, flugrekstrarleyfi.

Fyrirtækin þurfa því m.a. að sjá til þess að eftirlitsaðilinn hafi aðgang að viðeigandi upplýsingum um eignarhald og því hverjir fara í reynd með atkvæðisrétt / stjórnun þeirra og þurfa öllum stundum að geta sýnt fram á að umrædd skilyrði um hömlur á erlendu eignarhaldi séu uppfyllt. Fyrirtækin geta

¹ Interpretative guidelines on Regulation (EC) No 1008/2008 of the European Parliament and of the Council – Rules on Ownership and Control of EU air carriers (2017/C 191/01).

þurft að aðlaga samþykktir sínar til að tryggja að þau geti nálgast viðeigandi upplýsingar frá hluthöfum og sett hömlur á eignarhald erlendra aðila.

Almennt virðast þeir aðilar sem hafa eftirliti með útgáfu flugrekstrarleyfa gera reglubundnar úttektir á því að skilyrðin um hömlur á erlendu eignarhaldi séu uppfyllt, en tíðni slíkra úttekta getur m.a. farið eftir því hversu nálægt hámarki erlends eignarhalds hvert fyrirtæki er.

Að neðan má sjá tillögu að leið til að aðlaga 4. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991 með tilliti til skilyrða e. liðar 1. mgr. 85. gr. laga um loftferðir nr. 80/2022. Athugið að breytingartillaga Kauphallarinnar snýr einungis að þessu ákvæði um að fjarlægja millilið í fjárfestingunni en líklegt er að breytingin leiði af sér þörf á frekari samræmingu í lögnum í heild sinni sem ekki kemur fram í þessari umsögn.

4. gr.

[Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi
2. Íslenska ríkið og/eða íslenskir ríkisborgarar skulu eiga XX% eða meira af aðila skv. 1. tl. og fara með stjórn þess atkvæðishlutar í raun, hvort sem er beint eða óbeint, fyrir tilstilli eins eða fleiri aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við drögin og er undirrituð fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllst,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.